DAGBLAÐIÐ


frjálst, óháð dagblað

4. ÁRG. — ÞRIÐJUDAGUR 26. SEPTEMBER 1978 — 212. TBL.

RITSTJÓRN SÍÐUMÚLA 12. AUGLÝSINGAR OG AFGREIÐSLA ÞVERHOLTI 11. — AÐALSÍMI 27022.

ÞETTA ERU „BREIÐU BÖKIN"

10-12 þúsund greiða nýja hátekjuskattinn



„Breiðu bökin" fá brátt tilkynningar um nýju skattana sína. DB hefur fengið upplýsingar um, að 10—12 þúsund manns munu greiða nýja 6% hátekjuskattinn. Þetta verða nokkru færri en greiða skyldusparnað í ár.

Skatturinn miðast við hjón, sem hafa yfir 3,7 milljónir í tekjur eftir frádrátt, einstaklinga með yfir 2,8 milljónir eftir frádrátt. Veittur er 220 þúsund króna frádráttur fyrir hvert barn.

Hátekjuskatturinn á að gefa ríkinu 380 milljónir. Þar af er gert ráð fyrir, að 170 milljónir innheimtist í ár.

Þá er 6% skattur á hagnað og afskriftir félaga. Hann á að gefa 1500 milljónir. Þar af er gert ráð fyrir, að 600 milljónir innheimtist í ár. Ekki er enn séð, hve mörg félög lenda í skattinum.

Eignarskattsaukinn á að gefa ríkinu 1380 milljónir. Hann er 50% viðbót við eignarskatt einstaklinga og 100% viðbót við eignarskatt félaga. Gera má ráð fyrir, að þennan skatt greiði allt að 15 þúsund einstaklingar og 3500 félög. 600 milljónir af eignarskattsaukanum koma líklega inn í ár.

Um þessa skatta gildir, að þeir falla niður, eigi þeir að verða undir 4000 krónum.

Gjaldagar eru 1. nóvember, 1. desember, 1. janúar og 1. febrúar.

-HH

BSRB í mál við fjármálaráðuneytið:

Sumarfólk hlunnfarið


BSRB undirbýr nú prófmál vegna framkomu fjármálaráðuneytisins í garð allnokkurra manna, sem ráðnir voru til sumarstarfa hjá ríkinu, en fengu svo ekki greidd umsamin laun, sem skýrt voru greind í undirrituðum ráðningarsamningum.

Stjórn BSRB bendir á að þetta fólk hafi verið ráðið á fölskum forsendum. Það fær ekki að vita um hina ólögmætu fyrirætlan vinnuveitanda síns fyrr en komið er fram á mitt sumar og of seint að fara í önnur störf.

Ráðuneytið viðurkennir ekki að BSRB fari með samningsaðild fyrir sumarafleysingafólk.

Stjórn BSRB bendir hins vegar á að verkalýðsfélög sinna málefnum sumarafleysingafólks og gæta hagsmuna þess.

-G.S.



Konráð Axelsson við stæðuna af meistaraverkum Dalis í Faxaskála í morgun. DB-mynd: R. Th.

Missa Loftleiðir tökin í Cargolux?

Hafa enn ekki staðið við sinn hlut í hlutafjáraukningu í félaginu

Allt útlit er nú fyrir að eignarhluti Loftleiða í Cargolux muni stórlega minnka. Innan fyrirtækisins var fyrir nokkru ákveðin mikil hlutafjáraukning og áttu aðaleigendurnir þrír, Loftleiðir, Luxair og sænska félagið Salena þess kost að viðhalda fyrri eignarhlutum sínum í félaginu með framlagningu aukins hlutafjár í samræmi við eignarhluta sinn. Loftleiðir hafa enn ekki lagt fram sinn skerf til hlutafjáraukningarinnar og svo mun nú horfa að eignarhluti Loftleiða í fyrirtækinu minnki úr rúmlega 30% í um það bil 15%.

Cargolux er og hefur verið eitt þeirra fyrirtækja Loftleiða sem bezt hefur blómstrað. Starfssvið og allt umfang fyrirtækisins hefur aukizt ár frá ári. Félagið er nú í fremstu röð flutningafyrirtækja í heiminum.

Hjá Cargolux starfa tugir Íslendinga bæði flugliðar, flugvélavirkjar og fólk í ýmsum öðrum störfum. Er Íslendinganýlendan í Luxemborg talin telja um 500 manns með öllu fjölskyldulíði.

Ljóst er að þó starfshagur þessa fólks sé ekki í neinni yfirvofandi hættu, muni miklar breytingar geta fylgt því í framtíðinni hversu margir Íslendingar vinna hjá Cargolux ef eignarhlutur Loftleiða í félaginu minnkar svo mjög sem nú horfir.

Alfreð Elíasson forstjóri Flugleiða sagði að þetta mál væri enn til umræðu hjá Flugleiðum. „Við munum reyna allt sem mögulegt er til að halda í við hina aðaleigendur Cargolux, en málið er enn til umræðu hjá okkur."

-AST.

MEISTARINN DALI GISTIR FAXASKÁLA

— sölusýning á verkum hans í næsta mánuði

„Hann er frægastur allra surrealista í fjóra áratugi," ritaði Aðalsteinn Ingólfsson, myndlistargagnrýnandi DB eitt sinn í blaðið, er hann fjallaði um Spánverjann Salvador Dali, sem þekktari er undir nafninu Dali. Þessa stundina gista 70 listaverka hans í kössum í Faxaskála og bíða þess að komast á sýningu á Kjarvalsstöðum, sem hefst 21. október. Verður þetta þriðja grafíksýning á vegum fyrirtækisins Myndkynningar, sem er í eigu Konráðs Axelssonar.

Sýningin er kynningar- og sölusýning grafískra- og þurrnálamynda í takmörkuðu upplagi, númeraðar og áritaðar af meistaranum.

Ekki verða neinar olíumyndir eftir hann hér enda munu hinar eldri olíumyndir hans seljst á allt upp í 50 milljónir króna, eða fyrir álíka verð og fjórar þriggja herbergja íbúðir hér.

Dali er fæddur 1904 og lærði fyrst í Madrid. Síðan fór hann til Parísar og kynntist m.a. Picasso. Þar varð hann heimsfrægur. Um skeið dvaldi hann í Bandaríkjunum.

Á sölusýningunni á Kjarvalsstöðum verður unnt að fá verk Salvador Dali á bilinu frá innan við 100 þúsund og upp undir hálfa milljón.

-G.S.

Félagsmálaráðherra:

Núverandi kerfi fasteignasölu of dýrt fyrir neytendur

— sjá bls. 5

Mesta flugslys í sögu Bandaríkjanna

— sjá erl. fréttir bls. 6 og 7

Landhelgisgæzlan:

Fyrsti kvenhásetinn

sjá bls. 8

Mötuneyti:

Máltíðin frá 300 til 2000 kr.

— sjá bls. 4